

## **Innra mat Hvolsskóla 2002 – 2008, lýsing á sjálfsmatsaðferðum.**

### **Inngangur**

Hér á eftir er gerð grein fyrir innra mati Hvolsskóla frá 2002. Í upphafi er sjálfsmatsáætlun skólans kynnt en síðan er fjallað um störf matshóps og þeirra sem hafa unnið að skólapróun og innra mati Hvolsskóla undanfarin sex skólaár. Reynt er að gera fyrir þeim þáttum sem metnir hafa verið á hverju skólaári fyrir sig og hvernig staðið var að matinu.

### **Veturinn 2002 - 2003**

Veturinn 2002- 2003 fékk einn kennari það hlutverk að starfa með skólastjórum að endurskipulagningu matsins. Á vorönn 2003 var sett fram áætlun um sjálfsmat til næstu þriggja ára. *“Mat á skólastarfi í Hvolsskóla á að vera þriggja ára hringferli þar sem tveir flokkar eru teknir til mats á hverju skólaári. Að þremur árum loknum hefst nýr hringur. Í lok úttektar á hverjum matsþætti verða kynntar niðurstöður og umbótaferli hefst.”*



Leitað var til allra starfsmanna (kennarar og aðrir starfsmenn) um hvað þeir vildu meta næstu árin. Starfsmenn og kennarar voru beðnir um að fylla út eyðublað sem dreift var á starfsmannafundi í apríl 2003 eftir að hugmyndir stjórnenda og matskennara um matsferilinn höfðu verið kynntar. Á eyðublaðinu var búið að setja skólastarf í Hvolsskóla upp í 6 meginflokka: *foreldrar, forysta, kennsla, nemendur, starfsfólk* og *stoðir* og sýna fram á tengsl flokkanna við sýn skólans. Starfsmenn voru beðnir um að velja þá tvo flokka sem þeir vildu sjá

metna á næsta skólaári og jafnframt beðnir um að nefna þá þætti sem þeir vildu helst skoða í viðkomandi flokkum.

Á kennarafundi 29. apríl voru kynntar niðurstöður úr áðurnefndri könnun. Samkvæmt bókun frá fundinum var stefnt að mati á forystu og kennslu skólaárið 2003 – 2004, starfsfólk og nemendur 2004 – 2005 og stoðir og foreldra 2005 – 2006<sup>1</sup>.

Á meðfylgjandi töflu má sjá þá þætti sem starfsmenn Hvolsskóla lögðu áherslu á að meta vorið 2003.

Flokkur	Fjöldi	Atriði sem starfsmenn vildu skoða
Kennsla	21	kennsluaðferðir, kennsluhættir, undirbúningur, samvinna kennara, skilvirkni, langtímafjarvistir umsjónarkennara – fæðingarorlof, hópaskipting, getuskipting, sérdeild, samstarfsfundir kennara, hvað hentar einstaklingnum, gæði, eftirfylgni, jafnrétti, námsumhverfi, námsmat, kennsla nú, viðhorf til þróunar kennslu, fyrirkomulag, námið, sjálfstæði, verknám, hvernig vilja kennarar kenna?, hvað og hvernig ætla ég að kenna, hvernig er samstarf við aðra, hver er tilgangur minn?, framfylgi ég stefnu skólans og minni stefnu?, vinnuumhverfi, virkni nemenda, er áhugi kveiktur/forvitni –vita meira, nýting þekkingarmiðla, kennsluefni – vöntun, árangur hjá kennurum, einstaklingsmiðað, viðhorf nem. til kennslu, hverju má breyta? hvað er jákvætt í kennslu?, uppfyllir kennsla væntingar, hæfni kennara, skipulag, tilgangur – ekki magn – heldur árangur, framsækni, getutengd kennsla, áhugahvatning (motivation)
Stjórnun	16	dreifing valds, tengsl við starfsfólk, nemendur, skilvirkni, fjarvistir stjórnenda, markmið, eftirfylgni, viðmót, tengsl skólaneftar við nem. og kennara, tengsl skólastj. við yngri nemendur, starfslýsingar, skólastjórn, árgangstjórar, fagstjórar, kennararáð, nemendaráð, foreldraráð, stjórnunarhættir, gæði, jafnrétti, stefna skólans, hvernig nemendur viljum við útskrifa, hvernig kennara viljum við í skólann, hvernig viljum við samskipti við foreldra, samstarf við kennara, sjálfsvirðing, ferli frá hugmynd til ákvörðunar, samskipti við starfsfólk og nemendur, starfssvið, verkaskipting, lögum og reglum sé fylgt, áhrif vensla stjórnenda, koma tengsl niður á skólastarfi, upplýsingastreymi, stjórnun, réttlæti v.aukavinnu, einelti, annarhvor skólastj. við
Nemendur	14	bekkjafyrirkomulag, fjöldi í bekkjum, hegðun, einelti, námsárangur, líðan, námsáhugi, viðhorf til skólans, sjálfsvirðing, velferð, einstaklingsnám, hvað veldur því að nem. líður illa?, útivistartími, svefn, námstími, áhugamál, tími í tölvur- videó, virðing, metnaður, framkoma við nem. og framkoma nemenda við aðra, tillitssemi í garð annarra, vinnuálag, líðan í skjóli, efla sjálfstraust.
Starfsfólk	14	menntun, starfsreynsla, viðhorf, þjálfun í samstarfi, óljós verkaskipting, jafnvægi í verkaskiptingu, starfslýsingar, sjálfsvirðing, þekking, áhugasvið, líðan, viðhorf til vinnustaðar, viðhorf til forystu, sveigjanleiki, talsmáti, stjórnun, fjölbreytni, sköpun, nýting kennslustundar til vinnu/kennslu, skoða nýtingu betur – sterkar hliðar, upplýsingastreymi, líðan, álag, samvinna, heiðarleiki, uppörvandi, til fyrirmyndar- kennir meira en námsefni t.d. agi – vera kurteis, samskiptahæfni, skipulag, frumkvæði, frumlegheit, agi, vinnuástaða, sími – viðtalsherbergi, vinnuálag, aðgangur að tölvum, aðg. að námskeiðum og menntun,
Foreldrar	9	hvernig má kveikja áhuga foreldra á námi, félagi og uppeldi, tengsl við starf kennara í skólanum, vinna með nem. að markmiðum náms, væntingar til skólans, samband foreldra við allt starfsfólk, menntun, viðhorf til skólans, atvinna, vinnutími, samskipti og upplýsingaflæði milli skóla og foreldra, samstarf
Stoðir	3	kennsluráðgjöf, sálfræðingur, talkennsla, námskeið, kynna betur hvað stofnanir innan skólakerfisins hafa upp á að bjóða, hvernig hægt væri að koma meiri samvinnu á milli skóla og tómstundatíma

**Mats- og þróunarverkefni frá 2002.** Veturinn 2002 – 2003 hófst undirbúningur að viðbyggingu við Hvolsskóla. Vinnuferlið sem farið var eftir byggir á aðferð sem þróuð var í Bandaríkjunum á síðasta áratug 20. aldar sem *The design down process*. Meginmarkmið er: að fá fleiri aðila að ákvarðanatöku um það hvernig námsumhverfið á að vera. Upphafið má rekja til Georgs Copa

<sup>1</sup> Fundargerðabók starfsmanna- og kennarafunda frá 1998 -

fyrirverandi prófessors í menntunarfræðum við Minnesotaháskóla. Hann og samstarfsmenn hans beindu einkum athygli að því sem gefist hefur vel í námi nemenda og þeim kröfum sem líklegt er að nemendur standi frammi fyrir í framtíðinni. Aðferðin hefur síðan verið notuð við hönnun fjölmargra skóla í Bandaríkjunum og víðar um heiminn<sup>2</sup>.

Framkvæmdin felst í því að hópur fólks úr samfélaginu mótar hugmyndir sem hafa skal að leiðarljósi í mótun ytra og innra starfs í skólanum. Hópurinn fer í gegnum 12 skref sem hvert um sig byggir á þeim sem komin eru á undan.<sup>3</sup> Meginmarkmið í vinnuhópnum var að skilgreina bestu aðstæður fyrir nám nemenda í Hvolsskóla. Niðurstöður þessarar vinnu má sjá í skýrslu á heimasíðu skólans á eftirfarandi slóð.

[http://www.hvolsskoli.is/Skjol\\_upplýsingar/nybyggingskyrsla.pdf](http://www.hvolsskoli.is/Skjol_upplýsingar/nybyggingskyrsla.pdf)

Í framhaldi af vinnu hópsins tók allt starfsfólk þátt í námskeiði þar sem sett voru fram gildi og sýn Hvolsskóla. Leiðbeinandi var Anna Kristín Sigurðardóttir sem stýrt hafði Design Down vinnuhópnum. Framtíðarsýn og gildi skólans voru svo samþykkt á námskeiði kennara og starfsmanna 30. sept. 2003

- |                        |  |
|------------------------|--|
| <b>Gildi 1.</b>        | <i>Börn í Hvolsskóla eiga rétt á að fá þá bestu menntun sem möguleg er hér á landi.</i>  |
| <b>Gildi 2.</b>        | <i>Í Hvolsskóla ríkir gagnkvæm virðing í samskiptum fólks sem birtist m.a. í starfsháttum meðal nemenda og starfsmanna sem einkennast af samvinnu og lýðræðislegri ákvarðanatöku.</i>  |
| <b>Framtíðarsýn 1.</b> | <i>Í Hvolsskóla er einstaklingurinn í brennidepli sem birtist í einstaklingsmiðuðu námi, samvinnu og sveigjanleika í kennsluháttum.<br/>Miða skal við þarfir og getu hvers og eins, með það að markmiði að stuðla að hámarksárangri.</i> |
| <b>Framtíðarsýn 2.</b> | <i>Nemendur skulu tileinka sér sjálfsaga, sjálfsvirðingu og raunhæft sjálfsmat.<br/>Gagnkvæm virðing einkenni öll samskipti sem skilar sér m.a. í aukinni ánægju nemenda og kennara.</i>   |
| <b>Framtíðarsýn 3.</b> | <i>Í skólastarfinu er lögð áhersla á samvinnu við grenndarsamfélagið, að kalla eftir og virða skoðanir fólks í samfélaginu.<br/>Litið er á samfélagið allt sem námsvettvang fyrir nemendur.</i>  |
| <b>Framtíðarsýn 4.</b> | <i>Hvolsskóli er umhverfisvænn skóli.<br/>Námið er skipulagt í nánum tengslum við umhverfið og náttúruna með virðingu fyrir hvorutveggja að leiðarljósi.<sup>4</sup></i>   |

<sup>2</sup> Gerður G. Óskarsdóttir: 2001

<sup>3</sup> Anna Kristín Sigurðardóttir og Halldóra Magnúsdóttir: 2003

<sup>4</sup> [www.hvolsskoli.is](http://www.hvolsskoli.is)

## **Veturinn 2003 – 2004 - Forysta**

Á haustönn 2003 var skipaður matshópur í skólanum. Matshópurinn skipuðu Kristín Rut Einarsdóttir umsjónarkennari á elsta stigi, Steinunn Ósk Kolbeinsdóttir sérkennsla og almenn kennsla, Guðjón Þorvarðarson íþróttakennari, Ingibjörg Faaberg umsjónarkennari á miðstigi, ásamt Halldóru Magnúsdóttur aðstoðarskólalastjóra sem stýrði vinnu hópsins.

Vegna mikilla anna m.a. vegna þróunarstarfs í skólanum kom matshópurinn ekki saman fyrr en í janúar 2004. Á fyrsta fundi voru rifjaðar upp niðurstöður úr fyrrgreindri starfsmannakönnun og rætt um aðferðir sem koma til greina við mat á kennslu og forystu. Hópurinn var sammála um að viðfangsefni vetrarins væri mjög viðamikilið og var ákveðið að gefa sér tíma fram að næsta fundi til þess að ákveða endanlega hvað ætti að taka fyrir og þá hvernig. Settir voru niður fastir fundir í matshópnum vikulega til vors.

Ákveðið var að byrja á að meta forystuna í skólanum, en jafnframt var ákveðið að skoða ákveðna þætti kennslunnar líka. Meginrökin fyrir því að forystan varð fyrir valinu frekar en kennslan sem fengið hafði flest atkvæði vorið áður voru: - það að meta forystuna fyrst gefur kennurum tækifæri til þess að koma á framfæri ákveðnum athugasemdum og ábendingum, - gott að opna umræðuna um ákveðna þætti í stjórnun skólans áður en farið er að skoða kennsluna. Það var einnig álit matshópsins að það væri aðgengilegra til að byrja með að taka forystuna fyrir, að meta kennsluna var að okkar mati á margan hátt erfiðara og flóknara.<sup>5</sup>

Einnig hafði það áhrif á ákvarðanatöku matshópsins að unnið var að þróunarverkefni í skólanum í tengslum við nýbyggingu við skólann, í því verkefni var mótuð ný framtíðarsýn og hugað að breyttri skólustefnu. Því verkefni fylgdi mikil naflaskoðun hjá kennurum og hugmyndir voru uppi um róttækar breytingar á skipulagi kennslu.

Matshópurinn ákvað að útbúa spurningar og leggja spurningakannanir fyrir foreldra, nemendur og kennara Hvolsskóla. Könnunum var svarað beint á tölvur skólans og notast við forritið Glerverk sem keypt var til skólans á skólaárinu.

---

<sup>5</sup> Halldóra Magnúsdóttir:2004

Með þessu móti lágu niðurstöður fyrir um leið og allir höfðu lokið við að svara spurningum.

Skýrsla um niðurstöður úr úttektinni Hvolsskóli – Forysta er á eftirfarandi slóð á heimasíðu skólans.

[http://www.hvolsskoli.is/Skjol\\_upplýsingar/Sjalfsmat/Sjalfsmatsskýrsla%202004-%20-%20Stjornun.pdf](http://www.hvolsskoli.is/Skjol_upplýsingar/Sjalfsmat/Sjalfsmatsskýrsla%202004-%20-%20Stjornun.pdf)

Niðurstöður úr öllum spurningalistum lágu frammi til skoðunar á skólaslitum 31. maí 2004. Þær má einnig finna á heimasíðu skólans.

**Veturinn 2004 – 2005 - Þróunarverkefnið Bright Start.** Undirrituð, aðstoðarskólastjóri og umsjónarmaður innra mats skólans var í námsleyfi skólaárið 2004 – 2005, en hafði yfirumsjón með skipulagi og mati á þróunarverkefninu Bright Start sem fór af stað í Hvolsskóla og Laugalandsskóla haustið 2004.

Matsþáttur verkefnisins byggir á **samanburðarrannsókn**, þar sem voru tveir tilraunaskólar og tveir samanburðarskólar. Lögð voru fyrir forpróf í upphafi rannsóknar, prófað eftir 1 skólaár þegar verkefnið var hálfnað og prófað eftir 2 skólaár þegar kennarar höfðu lokið við að kenna allt Bright Start námsefnið.

Tvenns konar próf voru lögð fyrir nemendum. Í fyrsta lagi próf sem mæla hugsun nemendanna, ályktunarhæfni þeirra (Raven greindarpróf) og sjálfshvatningu(völundarhús). Þessi próf voru valin og lögð fyrir af sálfræðingum skólaskrifstofunnar. Í öðru lagi próf sem mæla málskilning (hluti úr Toldmálþroskaprófi) og talnaskilning (hluti úr Talnalykli). Þau próf sáu kennsluráðgjafar skólaskrifstofu Suðurlands um að leggja fyrir.

*Vettvangsathuganir* fóru fram þar sem undirrituð var viðstödd Bright Start kennslu og tók kennsluna upp á myndband. Einnig voru settir upp rýnihópar þar sem Bright Start kennarar beggja tilraunaskólanna hittust reglulega og báru saman bækur sínar. Allir fundirnir voru afritaðir og skráðir niður.<sup>6</sup>

Áfangaskýrsla um stöðu verkefnisins í lok skólaársins og um leið lokaskýrsla til Þróunarsjóðs grunnskóla er á heimasíðu skólans á slóðinni:

---

<sup>6</sup> Halldóra Magnúsdóttir: 2005

[http://www.hvolsskoli.is/Skjol\\_upplýsingar/Sjalfsmat/brightstart\\_skyrsla\\_throun\\_arsjodur\\_2005.pdf](http://www.hvolsskoli.is/Skjol_upplýsingar/Sjalfsmat/brightstart_skyrsla_throun_arsjodur_2005.pdf)

Bright Start verkefnið hélt áfram skólaárið 2005 – 2006.

### **Veturinn 2005 – 2006 – Kennsla og Bright Start.**

Í matsnefnd Hvolsskóla þetta skólaár voru: Guðbjörg Júlíadóttir umsjónarkennari á yngsta stigi, Lárus Viðar Stefánsson íþróttakennari, Ingibjörg Ásta Faaberg umsjónarkennari á miðstigi ásamt Halldóru Magnúsdóttur aðstoðarskólalastjóra.

Nefndin kom saman í lok febrúar 2006. Farið yfir sjálfsmatsferli skólans, ljóst var að ekki var hægt að standa við upphaflega tímaáætlun matsferlisins frá 2003 en hópurinn ákvað að halda áfram samkvæmt ferlinu og að taka fyrir kennsluna á þessu skólaári, samkvæmt niðurstöðum úr könnun frá starfsmannafundi í apríl 2003.

Farið yfir sjálfsmatsáætlun á kennarafundi í mars 2006.

Matshópurinn ákvað að útbúa spurningar og leggja spurningakannanir fyrir foreldra, nemendur og kennara Hvolsskóla. Könnunum var svarað beint á tölvur skólans og notast við forritið Glerverk sem keypt var til skólans á skólaárinu. Með þessu móti lágu niðurstöður fyrir um leið og allir höfðu lokið við að svara spurningum.

Lögð var fyrir könnun um kennsluna fyrir foreldra á foreldradegi 13. mars og niðurstöður kynntar á kennarafundi 28. mars. Lagðar kannanir fyrir nemendur um stöðu kennslunnar í maí 2006 og í júní 2006 fyrir kennara.

Niðurstöður kynntar á starfsmannafundi 19. sept 2006 - Öll gögn lágu frammi á kaffistofu starfsfólks.

Niðurstöður úr þessum spurningakönnunum eru á heimasíðu Hvolsskóla á slóðinni: [http://www.hvolsskoli.is/upplýsingar\\_index.htm](http://www.hvolsskoli.is/upplýsingar_index.htm) en skýrsla frá matshóp liggur ekki endanlega fyrir.

Eins og áður hefur komið fram hélt gagnasöfnun vegna Bright Start þróunarverkefnisins áfram þetta skólaár. Í upphafi skólaárs lögðu sérfræðingar Skólaskrifstofu Suðurlands próf fyrir nemendur 1. bekkjar og nýja nemendur í 2.

og 3. bekk og í lok skólaársins voru sömu próf lögð fyrir alla nemendur í 1. 2. og 3. bekk. Niðurstöður liggja ekki allar fyrir ennþá, en haldnar hafa verið nokkrar kynningar á niðurstöðum úr þeim gögnum sem búið er að vinna úr. Undirrituð vinnur að Mastersritgerð í tengslum við Bright Start verkefnið.

**Veturinn 2006 – 2007 – Sérfræðiúttekt RKHÍ, Olweus-könnun, Hvolsskóli á grænni grein, endurskoðun skólanámskrár, náms- og kynnisferð til Minneapolis.**

Í matsnefnd Hvolsskóla þetta skólaár voru: Guðbjörg Júlíadóttir umsjónarkennari á yngsta stigi, Lárus Viðar Stefánsson íþróttakennari og umsjónarkennari á elsta stigi, Ingibjörg Ásta Faaberg umsjónarkennari á miðstigi ásamt Halldóru Magnúsdóttur aðstoðarskólalastjóra.

Meginstarf matshóps þetta skólaár var aðstoð við sérfræðiúttekt KHÍ á innra starfi Hvolsskóla. Í upphafi skólaársins tók matshópurinn þá ákvörðun að leggja ekki fyrir aðrar kannanir á skólalastarfinu á meðan sérfræðiúttektin færi fram. Sérfræðiúttekt KHÍ kom inn á alla flokka sem settir eru upp í sjálfsmatsáætlun skólans.

Ásamt því að aðstoða við framkvæmd matsins fjallaði matshópur Hvolsskóla um niðurstöður sérfræðiúttektarinnar og lagði fram tillögur til úrbóta. Greinargerð matshópsins fylgir með í skýrslu KHÍ sem má finna á heimasíðu Hvolsskóla.

[http://www.hvolsskoli.is/Skjol\\_upplýsingar/Sjalfsmat/serfraediuttek.pdf](http://www.hvolsskoli.is/Skjol_upplýsingar/Sjalfsmat/serfraediuttek.pdf)

Í framhaldi af niðurstöðum sérfræðiúttektarinnar ákvað matshópurinn að leggja upp með könnun á líðan barna í Hvolsskóla og undirbjó könnun á einelti í samstarfi við Þorlák Helgason umsjónarmanns Olweus verkefnisins á Íslandi. Olweus könnunin var lögð fyrir í 4. – 10. bekk í mars 2007. Einnig var lögð fyrir spurningakönnun um líðan í 1. – 3. bekk skólans. Vegna breytinga á Olweus-vefnum reyndist ekki unnt að vinna strax úr niðurstöðum. Í lok skólaársins lágu niðurstöður ekki fyrir. En helstu niðurstöður voru kynntar um leið og skólanum bárust þær (í desember 2007) og eru nú á heimasíðu skólans.

[http://www.hvolsskoli.is/upplýsingar\\_index.htm](http://www.hvolsskoli.is/upplýsingar_index.htm)

Einnig var fjallað um niðurstöður hvers aldurstigs fyrir sig á stigsfundum í janúar 2008.

September 2006 – Hvolsskóli gerist aðili að grænafánaverkefninu **Skóli á grænni grein**, kosin var umhverfisnefnd skólans, þar sem m.a. eiga sæti fulltrúar allra bekkja. Fyrsta verkefni umhverfisnefndar var að taka út stöðuna út frá umhverfissjónarmiðum og setja fram áætlun um úrbætur. Stefnt er að því að fá Grænafánann skólaárið 2008 – 2009. Fundargerðir frá Umhverfisnefnd eru á heimasíðu skólans.

Í janúar 2007 fór af stað gagnger endurskoðun skólanámskrár/handbókar Hvolsskóla undir stjórn Efemíu Gísladóttur deildarstjóra. Unnin þannig að ákveðnir kaflar eru yfirfarnir af Efemíu, settir fram á starfsmanna- og kennarafundum þar sem óskað er eftir athugasemdum, síðan vinnur Efemía kaflana upp á nýtt og stefnt er að birtingu á heimasíðu Hvolsskóla.

Í mars 2007 fóru 23 starfsmenn Hvolsskóla ásamt sveitarstjóra og nokkrum foreldrum í náms- og kynnisferð til Minneapolis. Allur undirbúningur ferðarinnar miðaðist við þarfir skólans út frá gildum og sýn og þróunarstarfi í skólanum undanfarin ár. Ferðalangar héldu tvær kynningar fyrir þá starfsmenn sem ekki fóru með í ferðina. Upplýsingar um Minneapolisferðina eru á heimasíðu skólans. [http://www.hvolsskoli.is/upplýsingar\\_index.htm](http://www.hvolsskoli.is/upplýsingar_index.htm)

Í apríl 2007 var sett á stofn þróunarráð í Hvolsskóla og gerður samningur við KHÍ um áframhaldandi stuðning við þróun skólastarfsins. Með skýrslu þessari fylgir aðgerðaáætlun þróunarráðsins, apríl 2007 – júní 2008. Fundargerðir og önnur gögn er varða þróunarráðið eru aðgengileg öllum starfsmönnum skólans á innra tölvuneti.

Skýrsla matshóps um skólaárin 2005 – 2006 og 2006 – 2007 hefur ekki verið

### **Veturinn 2007 – 2008. – Nemendur.**

Í matsnefnd Hvolsskóla þetta skólaár eru: Guðbjörg Júlíadóttir umsjónarkennari á miðstigi, Lárus Viðar Stefánsson íþróttakennari og umsjónarkennari á miðstigi,

Pálína Jónsdóttir heimilifræðikennari og Halldóra Magnúsdóttir aðstoðarskólalastjóri.

Fram eftir skólaárinu var beðið eftir niðurstöðum úr Olweus könnun sem lögð var fyrir í mars 2007. Fyrsti fundur matshóps fór fram í desember 2007. Verkefni hópsins var að fara yfir niðurstöður úr Olweus og líðankönnun frá í mars. Einnig ákvað hópurinn á þeim fundi að yfirfara sjálfsmatsáætlun skólans á fundi í janúar. Helstu niðurstöður voru svo kynntar starfsmönnum á fundi í desember þar sem settar voru fram hugmyndir að umbótaáætlun í kjölfar niðurstaðna.

Þorlákur Helgason umsjónarmaður Olweus-könnunarinnar kynnti stöðu Hvolsskóla í samanburði við 39 skóla sem starfað hafa í Olweus verkefninu á starfsmannafundi 4. janúar. Heildarniðurstöður hvers aldurstigs voru lagðar fram til umfjöllunar á stigsfundum í janúar. Helstu niðurstöður könnunarinnar eru birtar á heimasíðunni.

Í febrúar 2008 fjallaði matshópurinn um sjálfsmatsáætlun skólans. Ákveðið var að halda hringferlinu áfram og vinna með flokkinn **Nemendur** á þessu skólaári. Einnig var ákveðið að leita til starfsfólks um hvað við viljum vita um nemendur skólans í dag. Miklar breytingar hafa orðið á skólastarfi frá því upplýsingum var safnað hjá starfsfólki 2003.

Á starfsmannafundi 12. febrúar farið yfir sjálfsmatsáætlun, kynntar hugmyndir um að leggja megináherslu á nemandann á þessu skólaári og starfsmenn beðnir um að fylla út eyðublað þar sem þeir eru beðnir um að skrá niður þau atriði sem þeim finnst mikilvægt að fá upplýsingar um varðandi nemendur í Hvolsskóla í dag.

Eftirfarandi atriði komu fram:

**Líðan-** í bekknum, bekkjarandi, líðan í skólanum, skólabíl, líðan í námi, hvar líður nrmrnfum best í skólanum, líðan barna með sérþarfir, líðan í íþróttahúsi, einelti, nem, kennarar, gerandi, þolandi

**Samskipti og virðing**– samvinna, framkoma hvert við annað, hvernig nemendur tala saman, mikilvægi samvinnu  
Virðing gagnvart skólanum, kennurum og starfsfólki, gagnkvæm virðing, sjálfsvirðing, skólinn minn, verðmæti, eigur annarra, væntumþykja, vinátta, næmni fyrir umhverfinu, traust til kennara, viðhorf,

**Námið**- námsárangur - námsáhugi, er nám við hæfi, viðhorf til heimanáms, námsaðferðir, heimavinna, heimanám, námsmat/sjálfsmat, námssamningstímar, námsefni við hæfi, námsáhugi/áhugasvið, hvernig hefur einstaklingsmiðun tekist, virkni í náminu, mikilvægi heimanáms, aðstoð við nemendur heima, sérþarfabörn, sérkennsla -fá þau þá þjónustu sem þau þurfa, námstækni, nýting á tíma í skóla, vantar námsgreinar í skólastarf

**Ytri rammi – fyrirkomulag** -blöndun í hópa, smiðjur, í bekk, álit nemenda á aldursblöndun, bekkjafyrirkomulag, áhrif bekkjarblöndunar, hvað finnst foreldrum/ börnum um blöndunina, hver er að græða, sætaskipan,

**Félagsfærni** – félagstengsl /vinatengsl, tengsl milli nemenda, félagslega stöðu, samskipti, hópefli/vínátta

**Áhugamál** – utan skóla, lestur, tölvunotkun og fleira, netnotkun, áhugasvið

**Foreldrasamstarf**, tengsl á milli nemenda og foreldra

**Aðbúnaður**: Skólalóðin, umhverfið, aðstaða fyrir Skólaskjól, klæðnaður/skólapeysur.

**Annað**: Stundvísi, hegðun, metnaður, framkoma, tillitssemi, kurteisi, almennur agi, kurteisi frá heimilum, sjálfstjórn, mannasiðir, umgengni, gleði í starfi, ábyrgð/skyldur, umburðarlyndi, mikilvægi menntunar, útivera, leikur, framtíðarsýn, félagsstarf utan skóla, skoðun nemenda á mötuneyti, bókasafni og fleiri stöðum.

Matshópur hefur ákveðið að útbúa spurningakannanir sem byggja á ofantöldum þáttum og leggja fyrir nemendur fyrir páska og kennara skólans í apríl. Sjá meðfylgjandi verkáætlun.

Að lokum.

Frá árinu 2003 hefur matshópur skólans unnið samkvæmt sjálfsmatsáætlun sem sett var fram á vorönn 2003. Upphaflega var ætlunin að meta tvo flokka á ári. Strax á fyrsta ári kom í ljós að okkur tækist ekki að fylgja þeirri tímaáætlun. Þó má segja að á hverju skólaári höfum við metið einhvern þátt skólastarfsins. Matshópur hefur ákveðið að hafa að leiðarljósi þá áætlun sem upphaflega var sett fram en leggja megináherslu á einn flokk á hverju skólaári. Með þessari greinargerð fylgja tímaplön/verkáætlanir matshóps 6 síðustu skólaár. Hringferlið heldur áfram og ef tekinn verður fyrir einn meginþáttur á hverju skólári hefst nýr hringur væntanlega 2011.

Með kveðju

Halldóra Magnúsdóttir aðstoðarskólastjóri og umsjónarmaður innra mats Hvolsskóla.